frá U. N. Skýrslan var aðeins til  
General debate. Það gæti verið heppi-  
legt fyrir þig að lesa hana, veque  
viðtala þinna við kollegana.

3) Tillögur U. S. A, U. K. og  
Frakklands um afropnun. Akheson  
+ Selwyn Lloyd hafa haldið stór-  
merkar ræður. Þeir hafa rétt úr  
höndina. Vishnijskij hefur einnig  
þagget, en talar á laugardags-



3

morgun. Þá fyrst ventu seð hvort  
kommar slá á hina útrétta  
hönd. Rússum hefi aldrei  
bóðit annað eins þekiferi til  
setta. Vera má að þeir noti það að-  
eins til ávása og þá sérstaklega  
á Atlantshafsbandalagid.

4) Ræðu Óle Bryn Kraft  
í General debate. Honum þótti,  
vænt um að þú lesir hana. Ræðan  
er góð. Óle er mjög elskulegur  
í okkar garð og kona hans hefi  
látið orð falla við mig um að  
við eigum handritin og eigum að  
fjá þau. Fró Bergþrúp er líka  
þærstjór, en segi að hugsað  
geti að við fáum þær, í áföngum.

5) Ódrögla skýrsla frá  
fundum politísku nefndarinnar.  
Þegar ég var kosinn rannsóknar.  
Munnalín voru mjög vinsamlegar. Mís-  
þaukst ekki ég geta reitad endur.  
Kosningu, þú að þetta er mikill

3,

heiddar fyrir Island. Það er  
einsdemi innan U.N. að menn  
sé endurkosnir til starfa á  
þinginu. Þetta bindur mig að  
vissu mjög mikið, en það verður að  
hafa það.

Kristján tekur starfinu  
með miklum áhuga og dugnaði.  
Það kemur enginn að fömum  
kötunum hjá honum.

Kemurta ekki vit  
hér í París á heimleið. Veri mjög  
ánægulegt að sjá þig og þarflegt  
að hafa fal af þér.

Bestu kvætur,  
þinn einlegur

Thor



Cunard Line  
R.M.S. "Caronia"

2. nov. '51

Góð vinnur,  
á morgun komum við  
Agústa til París. Ferðin hefur verið  
mjög ánægjuleg með þessu ágæta  
skipi - mikil hreidd, lestur og ró. -  
Ég reyndi að ganga frá flestum  
málum áður en ég fór frá Washington  
og skrifaði þér um að þad og sendi þér  
afrit af brögum til Eysternis á taf lánunum  
bæði til landbúnaðar og iðundæverksmíðju.  
Síðanefule þánið tekur langan tíma,  
þú veit ertum að byrja frá upphafi að

ráða um það. Það verður ekki veitt fyrir  
en við erum búinir að tryggja nægilegt  
framlag frá ECA, en eunpa vantar procure-  
ment authorization (P.A.) fyrir \$1.100.000  
sem lofað var og auk þess þáttum við  
að <sup>m. k.</sup> \$500.000 til viðbóta, eða alls  
\$1.600.000 til ábudsverksmiðju. Hófum  
nú aðeins \$750.000, en getum fengið  
flutt yfir um \$1.500.000 af Evrópu-  
framlagi, sbr. bréf mín til Eysteins og  
B.D. - En þegar ég kemur aftur til  
Washington vil ég endilega reyna  
að ná í eina milljón dollara ~~extre~~  
og hefji ákallun undirbúin jarðvegin,  
en nú veltur á, að um það sé þagað,  
að svo stöddu, a. m. k., við ECA missión  
í Rík.



Cunard Line  
R.M.S. "Caronia"

Astæðan til þess að ég skrifte þér nú, er  
að ég vildi segja þér að Lawson  
hringdi til mín, snemma mánudagsmorgun  
22. Okt. og vildi koma að tala við mig.  
Lét ég hann koma strax og hann var hjá  
mér í Kl. tíma. Sagðist vera mjög áhugasamur  
á Íslandi. Þetta var, most important  
post, sem hann hefur haft um afina. Er  
það orð að sönnu. Eg lét þá orð falla  
um það að ég vissi til að hann væri vel  
látinn heima. Líkari honum það vel og  
sagðist stálfr háfa fundid að svo væri.  
Hann spurdi þá hvornig við myndu tala  
þú að U.S. útnefnd. Ambassador á Ísland

Eg sagði, eftir umhugsun, að við myndum aldrei að fylla bragð. biðja um það. 'Óskini ynti. að koma frá þeim. En ef svo væri gjört. ég væð fyrir að á það ynti. lítið sem heitir Ísland til handa. Lawson sagði. að sér væri þetta mikið áhugsemi og vild. hann komu þessu fram. þó vild. hann einnig athuga hvað Luxemburg gjört; þrið við og Lux. værum einu NATO ríkis sem ekki hefðum Ambassadors í Washington. Lawson er nú í frii fram í Janúar, en hann hefi rist þegar tekis málið upp við State Dept. Þetta er sama og ég sagði. þrið að Butrick hafi verið með og biðið um fúsi til framans og dvalar



Cunard Line  
R.M.S. "Caronia"

á Íslandi: það er ágætt. Eins og ég hef sagt þér álit ég þetta Ísland til góðs, af þrið ad við fáum betri U.S. diplomata til ad fara til Íslands. Ég álit þri eindregit ad við eigum ad taka þessu. það kosta Ísland ekki eyris meira ad hafa Ambassador i Washington, en minister. Ég er nú oftast kallaður Ambassador, sem i rauninni þykir adeins Chief of Mission. Það eru vist (þefi ekki listam) um 78 Missions i Wash., þar af adeins um 12 ministers, 4 til 6 Ambassadors.

Eg vona að þú seist mér sammála. Eg  
sagði Lawson að þú og ég hefðum  
rætt þetta og að ég byggist ekki við  
að þú yrðri mótfullinn. Sagði honum  
að Tala við þig þegar heimkennur.  
Best er að halda þessu allveg leyndu  
og gjöra síðu í hveli. Það mundi  
eyðleggja málið fyrir U.S.A. ef fjeltist  
og aðri gætu orðið á undan, þú að málið  
er hugsad frá U.S.A. sem heituvottur  
Íslandi til handa. Ekki þyrfti afleið-  
ingni að vera að við hefðum Ambassadors  
Annars Stads, þú að hvergi í heiminum  
er Ambassador reglu eins almenn og í Wash.  
Annars æth. U.N. að gjöra það að alheims-  
reglu að Chief of Mission hetu Ambassado.  
á Íslenstíu þyrfti heitid ekkert að breytast.  
Sendi þessu so ágæt und. - Kemur þú við í Paris  
á leit til Róm? Bestu kvæðar oski.  
þín samtals þú




LEGATION OF ICELAND  
WASHINGTON 6. D. C.

14. ágúst, 1951

I framhaldi af bréfi mínu frá 3. p.m. út af byggingunum á Kefalvíkur flugvelli, vil eg skýra þér frá því, að í gær átti eg tal við Colonel Kinsey og sagði hann þá, að fjárveitingin til bygginganna væri komin og væri nægileg til framkvæmda á áætlunum þeirra. Hann kvaðst enn eiga í samningum við verkfræðinga hersins um byggingarnar, og legði áherzlu á að varanlegu byggingarnar yrðu reistar samtímis sem bráðabirgða bröggunum yrði komið upp. Hann lofaði að láta mig fylgjast með aðgerðum þeirra í þessu máli.

Með bestu kveðjum.

Þinn einlægur,



Hr. utanríkisráðherra

Bjarni Benediktsson,

Reykjavík.

LEGATION OF ICELAND  
WASHINGTON 6. D. C.

26. júní, 1951.

Góði vinur:

Þakka bréf þín frá 31. maí, 9. og 21. þ.m.

Eg var auðvitað mjög ánægður með að samningar tókust í Brasilíu, og þótt erfiðleikar hafi orðið á framkvæmdinni, þá er slíkt aðeins eðlilegt þar í landi, því að seinagangurinn er næsta ótrúlegur. Eg vona að ekki þurfi opinberlega að koma fram í hvaða farveg umboðsmaður SIF hafði stefnt málinu, heldur megi hafa um það æskilega leynd vegna mannsins.

Út af ASDIC-tækinu, sem þú leggur mikla áherzlu á vill svo til, að eg hefi verið að berjast við það mál frá því í apríl, eins og eg lýsi í bréfi til ráðuneytisins, sem fer með þessum sama pósti. Því miður er útilokað að fá slík tæki hér af þeirri einföldu ástæðu, að þau eru ekki til og Bandaríkjamenn hafa enn ekki náð að framleiða þau. Virðast Norðmenn vera lengst á veg komnir í þessum efnum. Vegna áhuga þíns fyrir þessu máli, þá veit eg að þú munt lesa umrætt bréf mitt.

Varðandi son Geirs vegamálastjóra, þá skal mér vera ánægja að því að leitast við að greiða götu hans, en eg gjöri ráð fyrir því að mjög erfitt verði að finna atvinnu fyrir hann um margra mánaða skeið, enda hefir hann ekki atvinnuréttindi hér. En við sjáum nú til.

Hr. utanríkisráðherra  
Bjarni Benediktsson,  
Reykjavík.

Svo leiðinlega vildi til að Hallgrími syni Lúðvígs Guðmundssonar hafði verið heitið forgangsrétti að námsskeiði S. Þ., og var svo skilmerkilega fram tekið af sendiráðinu, en samt sem áður var Gunnar Zoëga tekinn fram yfir hann, og var ástæðan sögð sú, að hann væri hagfræðingur.

Það kemur nú að því að ákveða verður hvort útnefna á mig sem sendiherra í Brasilíu. Mér er illa við að taka að mér störf, sem eg aðeins get gegnt á yfirborðinu, en eftir því sem mér skildist á þeim í utanríkisráðuneytinu í Rio um daginn, þá væri þeim kærkomið að Ísland hefði sendiherra í Rio, enda þótt hann væri búsettur í Washington. Því aðeins vil eg ljá máls á þessu að það getur haft þýðingu vegna saltfiskverzlunarinnar, og þurfum við nú, eins og þér er kunnugt, mjög á þessum markaði að halda. Við nánari athugun tel eg að fresta megj þessu máli fram yfir áramót, er að því kemur að við þurfum að gjöra nýjan samning til að geta selt meira fiskmagn. Þó er það aðgætandi að Kristján Einarsson sagði að engin viðskipti væru möguleg í Argentínu nema að við hefðum þar diplomatískt samband. Eg gjörj þó ráð fyrir að við getum lifað án Argentínu markaðarins næstu mánuðina, og það verði því hægt að sameina það að útnefna sendiherra í Rio og Buenos Aires einhvern tíma á öndverðu næsta ári. Læt því þetta nægja í bili.

Eg vil nota tækifærið til þess að þakka þér og þinni ágætu konu fyrir mikla vináttu og gestrisni auðsýnda Agústu á meðan hún dvaldi heima.

Með bestu kveðjum og öllum  
gæðum óskum,  
þinn einlegur

Þor Thors'

LEGATION OF ICELAND  
WASHINGTON 6. D. C.

21. febrúar, 1951

Hr. utanríkisráðherra  
Bjarni Benediktsson,  
Reykjavík.

*Gæðvinur,*

Það var mjög ánægjulegt að loksins tókst að fá ECA til að koma með viðunandi tillögur, og vona eg nú að það mál sé komið í lag. Ennfremur horfir sémilega hjá International Fund með afgreiðslu málaleitunar okkar á föstudaginn kemur. Eg sagði Ólafi frá því í morgun í símann, að fulltrúi Bandaríkjanna hefir lofað því að vera okkur hliðhollur, og mun það ráða úrslitum. Eg óttast aðeins að einhverjar vífilengjur geti valdið því, að dráttur verði í málinu, en við skulum vona það bezta.

Aðalatriði þessa bréfs var að senda þér þýðingu á ræðu minni, sem mér skildist á Ólafi í dag, að þið vilduð láta birta, og líkar mér það vel. Vegna annríkis míns og skrifstofunnar síðustu daga, hefi eg ekki komið því í verk að vélrita þýðinguna, en sendi hér með þýðingu, sem Daði Hjörvar hefir gert vegna útvarpsins, og hefi eg breytt henni all verulega. Breytingarnar eru, að eg hygg, greinilegar og væri því æskilegt að láta Hans Andersen sjá um frágang ræðunnar til prentunar. Eg hefi þegar sent þér þýðingu mína á síðasta hlutanum, og óska eg að hún verði færð inn í. Fleira ekki að sinni.

*Blessaður  
þinn eil. Thor*

Reykjavík, 17. desember 1951.

Góði vinur:

Eg þakka þér kærlega fyrir síðast og vona að þér og konu þinni líði vel.

Eg staðfesti samtali mitt við þig um að ekkert sé því til fyrirstöðu, að þú takir sæti í rannsóknarnefnd um kosningamöguleika í Þýskalandi, svo fremi að það þurfi ekki að hefja för þína vestur um haf að UN fundinum loknum, því að vitanlega eru verulegir annmarkar samfara svo langri fjarveru sem leiða af fundarhöldunum í París og þessvegna ekki hægt að framlengja slíka dvöl nema ríkir íslenskir hagsmunir bjóði, sem ekki er í þessu tilfalli.

Eg vona að nokkur árangur hafi orðið af samtali því við Mr. Woodbridge þó að hætta sé á að svo sé ekki úr því að við höfum enn ekkert af því heyrt. Það kemur í ljós á sínum tíma.

Astaðan til þess að ég skrifa þér nú er sú, að ég fékk nokkurn bakþanga af tali Bandaríkjamanna um að ríkin skiptust á ambassadurum. Eins og ég hefi áður sagt er erfitt að neita þessu ef farið er fram á það. En hér koma að sjálfsögðu ýmis atriði til greina eins og það, hvað önnur ríki mundu gera um sendiherra sína hér og þá einnig, hvaða áhrif þetta hefðu á Doyen Diplomatique Corps. Ef niðurstaðan yrði t.d. sú, að Bandaríkjamenn einir gerðu þessa ráðstöfun og ættu síðan ætíð að hafa hér doyen, þá efast ég mjög um hversu heppilegt það væri. Eins þarf að athuga hvaða áhrif þetta mundi hafa á stöðu núverandi doyen, sem er Anderssen-Rysst og mjög óheppilegt væri ef settur yrði til hliðar.

Er það ljóst þegar af þessu, að hér þarf að athuga ýmis atriði og má ekki hrapa að neinu. Nú veit ég ekki gjörlla hvernig þetta stendur í huga Bandaríkjamanna; þeir hafa ekkert leitað til mín um þetta eða þreifað fyrir sér hér um málið. Það sem farið hefir milli þeirra manna og þín fyrir vestan skilst mér vera algjörlega óformlegt. Engu að síður kemur mér til hugar, hvort þú ættir ekki að láta þann er síðast talaði við

Herra sendiherra  
Thor Thors,  
p.t. París.

þig vita, að athuga þyrfti ýmsar afleiðingar þessara ráðstafa-  
ana áður en við getum tekið afstöðu til þeirra, þannig að hann  
eða þeir verði ekki fyrir vonbrigðum ef og þegar við látum  
uppi, að við séum ekki þegar í stað reiðubúnir til að taka  
afstöðu til málsins, en mér virðist auðsætt að slíkt hljóti  
viðhorf okkar að verða þangað til þetta er skoðað ofan í  
kjöl.

Langbezt væri fyrir okkur, að núverandi greining  
milli ambassadur og ministers félli alveg niður hjá öllum  
ríkjum og er raunar vafasamt hver hefir hag af að halda  
í þá greiningu úr því sem komið er. Okkur væri lang hag-  
kvæmast að málið yrði tekið upp til lausnar á þeim grund-  
velli. Hvað sem um það er, er greinilegt að málið er ekki  
einfalt og þarf því umhugsunar og taldi ég rétt að benda  
þér á það nú þegar.

Eg óska þér alls hins besta, gleðilegra jóla og nýs  
árs.

Með bestu kveðjum,

LEGATION OF ICELAND  
WASHINGTON 6. D. C.

16. mai '51

Góð. vinur,

sendi hérmed íklippu úr N. Y. Times ígar. Það er eftirtekta-  
vest ad Henry Wallace, en um hann  
hefir verið dandaförum lengi, skul. kvetta  
Ses hljóðs útaf Íslandi og segja:

"No nation is more richly deserving  
of respect than Iceland". Stark orðstíra  
Hann var mikill spámaður hjá þjóðviljan-  
um, þegar Keþlaríkun samningur var á  
döfinni. Athugandi til brestinga.

Emnfremur sendi ég till. sem  
kemur til umræðu hjá politísku nefnd.  
inni í þýðamálit. Þáfur sagði mér

ad þú værir á þessari línu. Það er best  
við að allt sé þú þú fylgi.-

Emfremur sendi ég grein, frá ídag,  
um næsta árs framlegð ECA. Hef  
talað við ECA ídag og þú telja  
að okkur hlutur vundi. Svipaður  
og í fyrra. EKKI vundi þó ákveðið  
fyrir en: Júlí; að Congress hefði sam-  
þykkt fráveitingu.

Var að komu í  
lunch með Butrick. Hann bauð.  
Eriðit var víst að segja mér að hann  
langaði eftir til Íslands; ef hann gæti  
ortit ambassadórs þar. En Lawson situr  
fastur, nú eftir varnasamningum.

Bestu kveðjur  
Thor

Thor  
v. y.



Reykjavík, 4. október 1951.

Góði vinur,

Ég þakka þér mjög vel fyrir síðast og samvistir okkar á dögnum. Öll greiðasemi þín og ykkar hjónanna í okkar garð mun lengi verða okkur minnisstæð.

Héðan er fátt að fréttu, allt hjakker í sama farinu. Í dag er von á Eysteini Jónssyni og Benjámín Eiríkssyni heim og fást þá nánari fregnir af, hvernig þeirra mál hafa gengið fyrir vestan, en óneitanlega urðu menn fyrir nokkrum vonbrigðum af þeim fregnum, er áður voru komnar.

Rétt er að geta þess, að þær bollaleggingar, sem Mr. Lawson var með við mig áður en ég fór vestur um, að við lánuðum ef til vill Bandaríkjunum fé, beint eða óbeint, til að byggja aðalstöðvar fyrir hershöfðingjann, eru nú alveg úr sögunni samkvæmt því, sem þeir báðir hafa sagt, Lawson og hershöfðinginn. Sögðu þeir að eftir undirtektir mínar hefðu þeir talið rétt að eyða málinu.

Þá vildi ég minnst á það, að Isak Jónsson, kennari, hefir talað við mig um að hann ráðgeri námsferð vestur um haf í vetur. Hann er nú í sambandi við Mr. Olsson, menningarfulltrúa Bandaríkjanna hér, um hugsanlega styrkveitingu til fararinnar og mun þó ekki blása byrlega um það, vegna þess hve seint ósk Isaks kemur fram. Ég spurði Mr. Olsson um, hvort hugsanlegt væri að þó að Isak færi vestur þá geti hann fengið styrk á næsta ári, þ.e.a.s. að hann fengi einhverja endurgreiðslu upp í þann kostnað, er hann sjálfur innti af hendri. Mr. Olsson lofaði að athuga þetta en ekki gaf hann mikið út á það. Isak segir að sér sé hinsvegar nauðsynlegt að fara nú vegna þess að hann hafi fengið ársfrí og geti ekki frestað ferðinni, enda orðinn svo gamall, að hann megi engan tíma missa.

Ég vildi málust til þess, að ef þú getir orðið honum að einhverju liði, þá greiddir þú götu hans, því að eins og þú munnt þekkja af eigin raun, hefir Isak unnið

Herra sendiherra Thor Thors,

Washington.

njög gott starf fyrir æskulýð bæjarins, einkanlega með smábarnakennslu sinni og foryztu í Sumargjöfinni. Sennilega skrifar Ísak þér sjálfur, annaðhvort nú eða síðar, en ég vildi aðeins nota tækifærið og leggja gott orð inn með honum.

Með beztu kveðjum,

Reykjavík, 12. apríl 1951.

Góði vinur,

Ég þakka þér fyrir bréf þín og þykir leitt að ég hef ekki haft tíma til að skrifa þér svo sem skyldi, en hef þó beðið Hans Andersen jafnóðum að senda þér línu um það, er mestu máli hefur skipt. Ástæðan til þess að ég skrifa nú er sú, að við komumst ekki hjá að biðja þig um að skreppa til Brasilíu til að rannsaka þar aðstæður og íhuga, hvort ástæða sé til að semja við Brasilíumenn, og þá að annast um aðalatriði samninga, ef til kemur. Von okkar er sú, að ferð þín þurfi ekki að taka langan tíma, vegna þess, að þú getir undirbúið málið áður og þurfir ekki að bíða eftir viðtölum lengi við valdamenn suður þar. En eins og málin horfa, er það samhuga álit okkar, að ekki verði hjá því komist að góður maður verði sendur í þessu skyni, og var þá ekki á öðrum betri vól en þér. Ég veit að vísu, að þér er ekki áhugamál að fara þessa ferð en skilst, að þú mundir fánlegur til þess, ef við teldum þess þörf, og að athuguðu máli er það ótvírætt álit okkar.

Viðtölunum við Lawson miðar nokkuð áfram. Málin eru nú til athugunar hjá ráðamönnum hér. Það sem einna verst /sýnist ganga

Herra sendiherra  
Thor Thors,  
Washington.

sýnist ganga með í bili er, að ætíð koma upp hugmyndir hjá vinum vorum um fjárútgjöld af okkar hálfu, sem eru utan við allar fyrri ráðagerðir og okkar getu. Treysti ég því, að þú verðir hjálplegur við að kveða þann draug niður.

Ósköp seint gengur að fá endalok á okkar mál hjá ECA í Washington. Nú stendur ekki lengur á Mendenhall, að því er okkur skilst, en hraðinn eykst lítið við það. Öll gerir sú frammistaða meiri bölvun en mennirnir gera sér sjálfir grein fyrir.

Læt þetta duga í bili. Vona að þér og þínu fólki líði vel.

Með bestu kveðjum.

Þinn einlagur,



Vættu afhende B. Ben.

Db. sr. 7. D. 1.  
22. október, 1951.

Nr. 236.  
ECA framlög.

Þar sem eg nú er á förum til Parísar og verð fjar-  
verandi að líkindum til janúarloka 1952, teldi eg æskilegt að  
leitast við að fá vitneskju um það, hvernig viðskiptum okkar við  
ECA yrði hagað á næstunni, og raunar á öllu fjárhagsárinu 1951/1952.  
Eg skýrði Mr. Woodbridge, forstjóra Brezku-og Norðurlandadeildar  
ECA frá þessu, og bauðst hann til að koma í sendiráðið og ræða  
við mig um málið.

Mr. Woodbridge var að fara af fundi mínum, og vil eg  
því þegar í stað skýra ráðuneytinu frá viðræðum okkar.

Eins og sendiráðið símaði ráðuneytinu með símskeyti  
nr. 38, hinn 27. júní, s.l., gjörði ECA ráð fyrir, að Ísland  
hlyti alls á fjárhagsárinu 8 milljónir dollara, þar af helminginn  
í Evrópu. Þá gjörði ECA sér vonir um að fá samtals eina billjón  
og 650 milljónir dollara til allra þjóða. Nú hefir Congress  
endanlega skorið framlagið niður í eina billjón og 012 milljónir,  
og var það eitt af síðustu verkum Congressins, er hann lauk störf-  
um laugardaginn 20. þ.m. Í ljósi þessa sagði Mr. Woodbridge að  
naðsýnlegt yrði að skera niður ætluð framlög til allra landa,  
og ráðgjörir nú ECA, að Ísland hljóti 2 milljónir dollara hérna,  
en 4 milljónir í Evrópu, eða samtals 6 milljónir dollara í stað  
8 milljóna. Eg sagði auðvitað Mr. Woodbridge að þetta myndi  
valda vonbrigðum, en Mr. Woodbridge kvaðst hafa upplýsingar um  
það frá þeirra Mission í Reykjavík, að við mundum ef til vill  
ekki þurfa nema 2½ milljón í Evrópu, og væri þá unnt að færa töl-  
urnar þannig til, að við tækjum aðeins 2,5 milljón í Evrópu, og

Viðskiptamálaráðuneytið,  
Reykjavík.

fengjum þá 3,5 milljónir hérna. Eg vil benda á þetta þegar í stað, svo ríkisstjórnin geti gjört ráðstafanir sínar á svipuðum grundvelli. Mr. Woodbridge bjóst við, að fyrir miðjan nóvember mundum við fá nýtt framlag, og það eg hann að hafa það sem ríflegast.

Málið stendur því þannig, að okkur er unnt að reikna með alle 6 milljónum dollara. Þá spurði eg Mr. Woodbridge hvort eg mætti ekki koma og tala við þá í lok janúar eða byrjun febrúar til að leitast við að fá framlagið hækkað, og tók hann því vingjarnlega og sagði orðrétt: "The door will not be locked. We will always find some means of taking care of Iceland's requirements." Ef það sýnir sig í janúarlok, að við höfum þörf fyrir aukið framlag í dollurum, tel eg leiðina opna til að leita þess, t.d. eins og eina milljón dollara til viðbótar, ef ríkisstjórnin skyldi óska þess. Að svo stöddu er best að bíða átekta og hreyfa ekki málinu fyrr en þörfin kallar.

LEGATION OF ICELAND  
WASHINGTON 6. D. C.

3. águst, 1951.

Eg sendi þér hér með, sem trúnaðarmál, frásögn um fund, er eg átti í gær við Colonel Kinsey varðandi byggingar á Keflavíkurflugvelli. Samtalið fór fram samkvæmt ósk minni, en eins og sézt af skýrslu skipulagsstjóra Harðar Bjarnasonar, hefir Colonel Kinsey yfirumsjón með þessum framkvæmdum.

Skýrslan er skrifuð af Pétri Eggerz strax að fundinum loknum, og vil eg bæta því við, að Colonel Kinsey lýsti því ákveðið yfir, að það væri ósk herstjórnarinnar að allar byggingarnar yrðu síðar gerðar úr varanlegu efni, og að íslenskir byggingamenn og verkamenn yrðu látnir vinna að þeim. Hinum varanlegu byggingum verður komið upp jafnskjótt og fé hefir verið veitt til þess af Congress, og mun eg fylgjast með því hér í Washington.

Eg vil skýra þér frá því, að eg var nýlega í kvöldboði hjá General Hoyt Vandenberg, Chief of Staff of the Air Force, og var þar einnig staddur T. Finletter, Secretary of Air. Gafst mér tækifæri til að ræða við þá báða um þessi málefni, og hétu þeir stuðningi sínum við skjóta afgreiðslu málsins, og var ákveðið að eg skyldi síðar ræða við þá, er eg teldi nauðsyn til þess.

Enda þótt hér sé um trúnaðarmál að ræða, vil eg mælast til þess að þú sendir Herði Bjarnasyni þessa skýrslu.

Með beztu kveðjum.

Þinn einlægur,



Hr. utanríkisráðherra

Bjarni Benediktsson,

Reykjavík.

3. águst, 1951.

Eg sendi þér hér með, sem trúnaðarmál, frásögn um fund, er eg átti í gær við Colonel Kinsey varðandi byggingar á Keflavíkurflugvelli. Samtalið fór fram samkvæmt ósk minni, en eins og sést af skýrslu skipulagsstjóra Harðar Bjarnasonar, hefir Colonel Kinsey yfirumsjón með þessum framkvæmdum.


Skýrslan er skrifuð af Péttri Eggerz strax að fundinum loknum, og vil eg bæta því við, að Colonel Kinsey lýsti því ákveðið yfir, að það væri ósk herstjórnarinnar að allar byggingarnar yrðu síðar gerðar úr varanlegu efni, og að íslenskir byggingamenn og verkamenn yrðu látnir vinna að þeim. Hinum varanlegu byggingum verður komið upp jafnskjótt og fé hefir verið veitt til þess af Congress, og mun eg fylgjast með því hér í Washington.

Eg vil skýra þér frá því, að eg var nýlega í kvöldboði hjá General Hoyt Vandenberg, Chief of Staff of the Air Force, og var þar einnig staddur T. Finletter, Secretary of Air. Gafst mér tækifæri til að ræða við þá báða um þessi málefni, og hétu þeir stuðningi sínum við skjóta afgreiðslu málsins, og var ákveðið að eg skyldi síðar ræða við þá, er eg teldi nauðsyn til þess.

Enda þótt hér sé um trúnaðarmál að ræða, vil eg mælast til þess að þú sendir Herði Bjarnasyni þessa skýrslu.

Með bestu kveðjum.

Þinn einlægur,



Hr. utanríkisráðherra

Bjarni Benediktsson,

Reykjavík.



Frinadómab

BYGGINGAR A KEFLAVÍKURFLUGVELLI

I dag klukkan 11:00 komu þeir Colonel Kinsey og Captain Roberts til fundar í sendiráðið til þess að skýra sendiherra frá því hvað skeð hefði í byggingarmálunum á Keflavíkurflugvelli.

Hafði Colonel Kinsey orðið og skýrði frá því, að skip væri nú á leiðinni til Islands, eða ef til vill komið þangað með "8 sets of huts to take 200-250 people each, or accommodating about 1700 people." Hann sagði að þetta væru bráðabirgða byggingar úr "sheet iron" með "plywood" gólfi. Tilætlunin væri að byggja nú þegar á þessu fiscal ári 4 <sup>varanlega</sup> "barracks" sem hvor um sig gæti rúmað í kringum 100 manns, og mundi því þarna fást húsakostur fyrir 400 manns. En byggingar þær, sem þegar væru fyrir hendi á Keflavíkur flugvelli myndu hýsa um 1800, og væri þarna kominn húsakostur fyrir þá 3900 hermenn, sem um hefði verið samið milli ríkisstjórna Islands og Bandaríkjanna.

Colonel Kinsey sagði að sótt hefði verið um fjárveitingu til Congress fyrir byggingu varanlegra mannvirkja á Keflavíkurflugvelli. Hinsvegar væri ekki víst hvenær slíkt myndi samþykkt. Meðan beðið væri eftir samþykki Congress skapaðist hættulegur dauðapunktur. Þessvegna væri það, að þegar tekið væri tillit til hinna viðsjárverðu tíma annarsvegar, og hinsvegar til þess tíma, sem það tekur að koma upp hinum varanlegu byggingum og til þess tíma, sem líður ónotaður á meðan beðið er eftir fjárveitingu Congress, þá þætti rétt að hefjast þegar í stað handa um að koma upp bráðabirgða byggingum.

Colonel Kinsey kvaðst helst mundi vilja hefja samtímis byggingu hinna varanlegra mannvirkja og þessara bráðabirgða

mannvirkja á flugvellinum , og mundu þá hin síðarnefndu mannvirki verða til vara ef skyndilega þyrfti til að taka.

Sendiherra kvað gott til þess að vita að hér væri aðeins um bráðabirgða byggingar að ræða , og að til stæði að hefja byggingu varanlegra húsa á Keflavíkurflugvelli strax og fjárveiting væri fengin. Sendiherra spurðist fyrir um, hver ætti að hafa með höndum byggingaframkvæmdirnar. Colonel Kinsey sagði að einvörðungu mundi notaður við byggingarnar íslenskur mannaflí, að fráskildum amerískum eftirlitsmönnum. Hinsvegar mundi þykja óhyggilegt að framkvæmd verksins væri falin "local contractors," og mundi því horfið að því ráði að fela amerískum "prime contractors" þeim Metcalf & Hamilton, verkið, en heimila þeim að "sub-contract it to local contractors." Þetta mundi heppilegt að því leyti að íslenskir "sub-contractors" en af þeim hefir fengizt góð reynsla, gætu unnið úr því efni, sem fyrir hendi væri á Íslandi, en "prime contractors" gætu strax útvegað þann efniskost, sem á vantaði. Einnig væri það talið heppilegt að "prime contractors" væru amerískir því að Congressional nefndir hefðu eftirlit með þeim, og ef hagnaður þætti keyra úr hófi fram, væru allar áætlanir þeirra endurskoðaðar.

Sendiherra kvað gott til þess að vita að notaður væri íslenskur mannaflí, en spurðist þó fyrir um, hvernig hagað mundi flutningum á efninu. Sendiherra benti á, að eftir því sem hann bezt vissi, hefðu Metcalf & Hamilton notað íslensk skip til að annast flutninga á efninu. Colonel Kinsey kvað ekkert þessu til fyrirstöðu, enda þótt að efnisvörur þær, sem nú væru á leiðinni til Íslands hefðu verið fluttar með skipi bandaríska flotans af því svo mikið þótti liggja við.

2. ágúst, 1951

LEGATION OF ICELAND  
WASHINGTON 6. D. C.

3. ágúst, 1951.

*Gæði vinur,*

Eg get ekki látið hjá líða að skýra þér frá því, að fulltrúar frá General International Development Corporation, sem eru umboðsmenn fyrir Bamag verksmiðjurnar í Þýzkalandi, hafa tvívegis komið að máli við mig út af byggingu Áburðarverk-  
smiðjunnar. Mr. Jean E. Laurent og annar maður komu hingað fyrst hinn 27. júlí, og hinn fyrrnefndi aftur í gær. Þeir halda því fram, að þeir geti sparað okkur um eina milljón dollara ef þeim yrði falið að sjá að öllu leyti um byggingu Áburðarverk-  
smiðjunnar, sem þeir staðhæfa að þeir geti haft tilbúna til vinnslu í desember, 1952. Þeir benda á að Bamag hafi byggt áburðarverksmiðjur víðsvegar um heim, og hafi sína eigin verk-  
fræðinga, svo að við getum sparað okkur öll útgjöld til sérfræð-  
inga. Það sé óþarfi að borga verkfræðingi í Bandaríkjunum sér-  
staklega. Þeir staðhæfa einnig að á fyrri hluta verksmiðjunnar einum saman geti þeir sparað okkur \$200,000.

Eg skýrði mönnum þessum auðvitað frá því, að eg væri ekki dómbær í þessum efnum, en ráðlagði þeim, úr því að þeir væru svo sannfærðir um ágæti þeirra tilboða, annaðhvort að senda menn til Íslands til viðræðna við ríkisstjórnina, eða að skrifa ræki-  
lega um málið til þín og til viðskiptamálaráðherra og til stjórn-  
ar verksmiðjunnar. Þessi bréf munu nú fara með flugvél á mánu-  
daginn til ykkar, og þið því væntanlega sjá þau á þriðjudaginn.

Bréfinu fylgja einnig upplýsingarit um Bamag og hvar þeir hafi áður byggt verksmiðjur. Það er enginn vafi á því að Bamag er fyrsta flokks heimsfirma, en vitanlega getur enginn sagt um hversu greiðlega afgreiðsla frá Þýzkalandi kynni að ganga, eða hvenær hún yrði með öllu hindruð.

Mr. Laurent kvartaði undan því, að þeir fengju enga áheyrn hjá verkfræðingunum, sem hr. Vilhjálmur Þór réði til að kaupa vélarnar til verksmiðjunnar, og hefðu þeir gefið ECA rangar upplýsingar um það, hvenær Bamag gæti afhent vélarnar. Mr. Laurent sagði ennfremur, að Mr. Brown, verkfræðingurinn, sem starfar með Singmaster & Breyer að þessu, hafi aldrei byggt verksmiðju áður, og hann taldi engan vafa á því, að Singmaster & Breyer fengju aukabókun frá framleiðendum vélanna, sem keyptar væru hér í Bandaríkjunum. Af þessari ástæðu vildi hann telja að S & B reyndu að halda kaupunum að framleiðendum hér. Mr. Laurent lét þess ennfremur getið að hann hefði haft tal af kunnugum mönnum hér í Washington, sem væru reyndir í þessum efnum og teldu þeir útilokað að Island gæti fengið nickel héðan til byggingu verksmiðjunnar. En það gæti Bamag hinsvegar útvegað frá Þýzkalandi.

Mr. Laurent sagði í gær að hann hefði sýnt Mr. Houston hjá ECA, sem miklu ræður um verksmiðjumál þar, afrit af bréfi til þín, og í morgun, er eg talaði við Mr. Houston kvaðst hann hafa séð þetta bréf. Mr. Houston kvaðst hinsvegar hafa sagt Mr. Laurent, að ECA vildi ekki skipta sér af svona tæknilegum atriðum "such questions can only be answered by responsible engineers." Ef að Bamag teldi sig ekki hafa fengið "fair treatment" hjá S & B væri

aðeins fyrir þá að snúa sér til íslensku ríkisstjórnarinnar, því að ECA vildi ekki skipta sér af málinu. Það væri hinsvegar stefna ECA að halda viðskiptum til Evrópu, en auk þess bæri einnig að líta á öryggið um afhendingu vélanna, og um tæknilega gerð þeirra og afköst. Ef íslenska ríkisstjórnin óskaði, sagði Mr. Houston, þá gætum við auðvitað keypt vélarnar í Þýzkalandi, því að ECA peningana getum við notað til annarra þarfa hér vestra.

Fulltrúar Bamag eru fúsir til þess að senda menn til Íslands til þess að skýra málið fyllilega fyrir ríkisstjórninni og verkfræðingum. Þeir benda einnig á að þeir vilji taka greiðslu í íslenskum krónum, og jafnframt hlutast til um að íslenskum togurum verði heimilað að selja meiri fisk í Þýzkalandi. Þykjast þeir geta haft áhrif á það mál.

Eg vil mælast til þess við þig í trúnaði, að þið Ólafur athugið hvort ekki væri rétt að kalla menn til viðtals, og vildi eg biðja þig að síma mér fyrir 10. ágúst hvort þið viljið gera nokkuð í málinu. En mér finnst vissulega vel athugandi hvort unnt er að spara eina milljón dollara.

Gott væri að vita sem fyrst um þattíðku okkar:  
U. N. þinginn í París. Mjög erfið að útræða hótal.

Bestu Kveðjur,  
þinn einlegur  
Thor